



## FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

**Fundarstaður:** Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7A, fundaherbergi FSR  
**Dagsetning:** 4. apríl 2013  
**Fundarmenn:** Smári Þorvaldsson, formaður, SP  
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS  
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, AS  
Jóhanna B. Hansen, JBH (tilkynnti fjarveru)  
Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB (tilkynnti fjarveru)

### Ráðstefna 2015

SP óskaði eftir því að á fundinum yrði rætt yrði um atriði varðandi fyrirhugaða ráðstefnu NBD.

### Dagsetning og staðsetning

SP hefur tekið frá sal fyrir ráðstefnuna á Hilton Hotel 4. – 5. sept. 2015. Ráðstefna NBD 2005 var haldin í sama sal og reyndist ágætlega.

### Skipulag ráðstefnu

Rætt var um skipulag ráðstefnu. Til hliðsjónar var höfð dagskrá NBD í Helsinki 2011 sem var eins dags ráðstefna. Miðað er við að fimmtudaginn 4. sept. 2015 verði móttaka, í samstarfi við Reykjavíkurborg kl. 18-20.

Innskráning á ráðstefnuna kl. 8, á Hilton Hoteli föstudaginn 5. sept. 2015 og fyrirlestrar frá kl. 9. Byggnatt – kvöldverður á föstudagskvöldi, staðsetning og útfærsla með skemmtikröftum verður rædd síðar.

Skoðunarferðir verði e.t.v. á föstudegi og/eða á laugardegi.

### Umfjöllunarefni og fyrirlesarar

Rætt var um umfjöllunarefni NBD ráðstefnunnar 2015 en ákveðið var áður að meginefnið verði "Skipulag". Fundinn verður síðar titill á ráðstefnuna en rætt var um að það verði þema í hverri fyrirlestraröð. Áhersla er á að það verði a.m.k. einn góður og áhugaverður erlendingur fyrirlesari.

**Stjórnarmenn eru beðnir um að senda SP tillögur um fyrirlesara og efni, það þarf 6 kandidata sem fyrirlesara.** Fyrirlestrar verði á ensku eða skandinavsku (sænsku).

### Umsýsluaðilar, tilboð og verklýsing

SP mun óska eftir tilboði með verklýsingu frá Iceland Travel og Gestamóttökunni um að annast umsýslu ráðstefnu, þátttökuskráningu, sjá um móttöku greiðslna og vera stjórninni til stuðnings við skipulagningu.

### Styrktaraðilar

SP greindi frá fyrirhuguðum fundi síðar í dag með nýjum ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytis vardandi styrki frá ráðuneytinu og opunarerindi á ráðstefnunni. Síðar verður rætt við m.a.

Mannvirkjastofnun, Skipulagsstofnun og Reykjavíkurborg.

AS mun ræða við sviðstjóra sinn hjá Reykjavíkurborg varðandi styrk.

### Ráðsfundur

SP tekur þátt í Ráðsmode NBD sem haldið verður í Stokkhólmi 18. ágúst n.k.

### Önnur mál

MKS minnti á að ekki hefur borist frá gjaldkera listi sem ákveðið var á síðasta fundi að hann sendi ritara til að setja á vefinn.

### Næsti fundur

Fundur verður haldinn í júlí 2013, e.t.v. þó einn fundur fyrr.